

*Fyrsti fundur Deltadeildar veturinn 2023-2024 haldinn í Bragganum
v/Nauthólsveg miðvikudaginn 27. september 2023. Fundur hófst kl.
18:00*

- 1. Formaður Deltadeildar, Halldóra Jónsdóttir, setti fund. Sóley kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.*
- 2. Nafnakall: Sigrún Jóhannesdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Ásta Egilsdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sóley Sigurþórsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Guðlaug Sverrisdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir og Halldóra Jónsdóttir.
Þá voru fluttar kveðjur frá fjarstöddum félagskonum.*
- 3. Elísabet las fundargerð síðasta fundar í fjarveru ritara.*
- 4. Fréttir úr starfinu: Halldóra sagði frá landsambandsþinginu, sem haldið var í Hveragerði í maí s.l. sem tókst í alla staði mjög vel. Frá Deltadeild sóttu 6 konur þingið.*

*Halldóra sagði enn fremur frá framkvæmdaráðsfundi
Landssambandsins sem haldinn var í byrjun september.*

Nýr forseti Landssambandsins er Árný Elíasdóttir, Gammadeild. Ný stjórn þar leggur áherslu á að styrkja og styðja við starfsemi deilda og skoða reglulega hug félaga til starfseminnar, þ.e. hvað er gott og hvað má betur fara.

- 5. Efni fundarins var í höndum Sigrúnar Jóhannesdóttur.*

Erindi sitt nefndi hún: “Hvað viljum við fá út úr Delta Kappa Gamma?” Eftirfarandi eru nokkur atriði úr erindinu.

Meðlimum alþjóðasamtakanna hefur fækkað mikið síðustu ár og er það mikil áskorun fyrir okkur allar að leita leiða til að kveikja sem mestan áhuga á því sem við viljum stefna að í starfinu.

Sigrún hefur sótt fjölda ráðstefna og funda DKG í flestum löndum samtakanna og hefur það gefið henni mikið, bæði fræðilega og félagslega og hún kynnst mörgum frábærum félagskonum um allan heim. Það vikkar mjög sjóndeildarhringinn og það sem DKG þýðir. Hún rifjaði upp þau gildi sem samtökin leggja áherslu á.

Sýn DKG er: Forystukonur í fræðslustörfum til áhrifa á menntun um allan heim, stefnum þangað.

Markmið samtakanna eru að: Hvetja-eftla-styrkja-styðja-veita-fræða, Sigrún vill bæta við markmiðin : Skapa, breyta og skemmta.

Samtökin voru stofnuð sem kvennahreyfing í Texas 1929. Stofnandinn var Annie Webb Blanton.

Vigdís Finnbogadóttir er heiðursfélagi DKG á Íslandi frá 1981.

Gaman er að minnast á að í USA hefur DKG heiðrað Dolly Parton, en hún hefur lagt mikið til að efla læsi hjá ungum börnum með sérstökum bókasöfnum víðs vegar um Bandaríkin.

Síðan setti Sigrún fundarkonur í 4 hópa 3 í hvern hóp, þar sem við áttum að ræða hvernig við getum eftt samtökin og af hverju við erum í þessum félagsskap.

Formanni og Ástu Egils voru falið að vinna úr punktum hópanna.

Að lokum sýndi Sigrún okkur fjölda mynda frá ferðalögum hennar á ráðstefnur og þing DKG erlendis og vildi hvetja Delta konur til að sækja þau.

6. Á meðan fundakonur gæddu sér á dýrindis Tortilla hlaðborði flutti Halldóra formaður Orð til umhugsunar. Halldóra ræddi um sýn sína til samtakanna og hvað það hefur gefið henni að starfa sem formaður deildarinnar. Þá ræddi hún um nýja framkvæmdaáætlun stjórnar, sem samþykkt var á framkvæmdaráðsfundi í september s.l.. Áætlunin er í þremur liðum:

a. Könnun meðal félaga

b. Samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi

c. Samtökin láti sig menntamál enn meiru varða og menntamálanefnd hafi forystu um hvernig að því verði staðið.

Einnig ræddi Halldóra hugleiðingar Árnýjar landssambandsforseta á framkvæmdaráðsfundinum, um hvað við félagskonur í DKG erum einsleitur hópur og að tími væri kominn til að breyta því. Það eru orð að sönnu og er verkefni sem vert er að huga að.

7. Happprættisvinningur kvöldsins féll í skaut Sigrúnar og fékk hún Itala sælgætisskál og fullan poka af Trufflukúlum.

8. Önnur mál: Formaður stakk upp á að bjóða þróunarstjóra menntunar í Menntaskóla Borgarfjarðar, Signýju Óskarsdóttur á fund í Deltadeild, með von um að hún hafi áhuga á að ganga í

deildina. Tóku konur vel í það. Signý var með áhugavert erindi á vorþinginu. Einnig sagði Halldóra frá því að formaður Lambda deildar, Sigurborg Kristjánsdóttir, hefði haft samband og að þær hafi áhuga á að heimsækja Deltadeild á næsta fund okkar 25. október, sem verður haldinn í Borgarnesi. Samþykkt. Einnig hefur Nýdeildin á Norðurlandi-vestra áhuga á að funda með okkur næsta vor – og að fundarstaður væri í svipaðri fjarlægð frá hvorri heimabyggð. Formanni falið að kanna þetta nánar með formanni Nýdeildar.

9. *Að gefnu tilefni eru hér upplýsingar um hvernig á að skrá sig inn á alþjóðavefinn dkg.org.*

Username – ID númer, sjá félagatal

Password – dkg2014society. Búa síðan til nýtt password

Fundi slitið kl 20:30

Elísabet Jóhannesdóttir